

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Páls Bjarnasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. nóvember 1944.

Skipulagsskrá
fyrir Minningarsjóð Páls Bjarnasonar, skólastjóra í Vestmannaeyjum, er andaðist 5. desember 1938.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Páls Bjarnasonar, stofnaður af félögum og einstaklingum í Vestmannaeyjum, til minningar um farsælt starf hans þar í þágu skóla og menningarmála.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 1.056,21.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn Háskóla Íslands.

4. gr.

Háskóli Íslands skal, tíunda hvert ár, veita verðlaun úr sjóðnum til vísindalegra ritgerða náttúrufræðilegs efnis um Vestmannaeyjar eða vísindalegra rannsókna þar um sama efni, og má verja til þess vöxtum þeim, sem safnast hafa á tímabilinu, að frádregnum vaxtavöxtum, er leggjast við höfuðstól.

Verðlaun skulu veitt í fyrsta sinni árið 1950. Þó er það skilyrði að ritgerðin eða rannsóknin sé að áliti háskólans verðlauna verð. Sé svo ekki, leggjast vextirnir við höfuðstólinn, þar til skilyrðunum er fullnægt.

5. gr.

Prófessorar í náttúrufræði við Háskóla Íslands skulu, þegar þar að kemur, gera tillögur um nánari tilhögun og veita verðlaunin þeim, sem til þeirra vinna.

Meðan ekki er stofnuð náttúrufræðideild við háskólann, annast háskólaráðið úthlutunina.

6. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskránni.